

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar eru eftirfarandi reglur settar:

- A. Glerárgata: Á vestari akbraut er einstefnuakstur til norðurs, á þeirri austari til suðurs.
- B. Gatnamót Glerárgötu—Eyrarvegur: Akstur inn á Glerárgötu bannaður.
- C. Gatnamót Glerárgata—Fjólugata: Akstur inn á Glerárgötu bannaður, einstefna til austurs á Fjólugötu.
- D. Glerárgata—Smáragata: Akstur inn á Glerárgötu bannaður, nema lögreglu og slökkviliði.
- E. Glerárgata—Eiðsvallagata: Eiðsvallagata lokuð að vestan. Viðeigandi umferðamerki hafa verið sett.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 3. desember 1965.

Sigurður M. Helgason,
settur.

8. desember 1965.

Nr. 224.

AUGLÝSING

um löggildingu lyfseðlasafns danska lyfsalafélagsins DAK-præparater 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1966 skal lyfseðlasafn danska lyfsalafélagsins, DAK-præparater 1963, 8. útgáfa 1965, með viðbótum, vera gilt lyfseðlasafn á Íslandi, þó að undanteknum þeim leiðbeiningum og upplýsingum, sem fylgja sumum forskriftanna neðanmáls undir fyrirsögninni *Kommentar*.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

20. desember 1965.

Nr. 225.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 1 við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Frá og með 1. janúar 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 1, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá útgefna 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.